

Nd.

1031. Breytingartillögur

[416. mál]

við frv. til 1. um þingsköp Alþingis.

Frá þingskapanefnd.

1. Við 28. gr. Greinin orðist svo:

Tillögur til þingsályktunar skal bera upp í sameinuðu þingi og skulu þær vera í ályktunarformi. Skal prenta þær og útbýta þeim meðal þingmanna á þingfundi. Umræða má eigi fara fram fyrr en í fyrsta lagi daginn eftir.

Ekki er þingsályktunartillaga samþykkt til fullnaðar fyrr en hún hefur verið rædd tvisvar.

Við fyrri umræðu hefur flutningsmaður allt að fimmtán mínútum til framsögu fyrir tillögunni og aðrir þingmenn og ráðherrar allt að átta mínútum. Hver ræðumaður má tala tvisvar. Þá er þessari umræðu er lokið er leitað atkvæða um hvort tillagan eigi að ganga til annarrar umræðu og nefndar. Forseti getur ákveðið frávik frá þessari málsmeðferð ef fyrir liggur rökstudd beiðni þingflokks þar að lútandi. Hver þingflokkur hefur rétt til að bera slíka beiðni fram við forseta einu sinni á hverju þingi.

Síðari umræða fer eigi fram fyrr en einni nóttu eftir fyrri umræðu eða útbýtingu nefndarálits. Skal þá ræða tillögugreinar og breytingartillögur við þær. Þá er umræðu er lokið skal greiða atkvæði um hverja tillögugrein og breytingartillögur við þær og loks tillöguna í heild sinni. Við umræðuna gilda ákvæði 36. gr.

Um þingsályktunartillögur, er fjalla um stjórnskipun, utanríkis- eða varnarmál, staðfestingu framkvæmdaáætlana, alþjóðasáttmála eða milliríkjasamninga, gilda ákvæði 36. gr. við báðar umræður.

Þingsályktunartillögur, sem útbýtt er sex mánuðum eftir þingsetningu, verða því aðeins teknar til meðferðar að meiri hluti sameinaðs þings samþykki það.

Ályktunartillögur, sem bornar eru upp í þingdeild, lúta í öllu sömu reglum um málsmeðferð sem þingsályktunartillögur.

2. Við 47. gr. Á eftir 2. mgr. komi ný mgr. er verði 3. mgr. og hljóði svo:

Þegar komið hefur verið upp rafeindabúnaði fyrir atkvæðagreiðslur skal hverfa frá þeim reglum sem settar eru um atkvæðagreiðslur í 2. mgr.